

# Eitt samfélag fyrir alla

*Tillaga að stefnu Samfylkingarinnar jafnaðarmannaflokks  
Íslands fyrir landsfund 2017*



***Samfylkingin***

*Landsfundur Samfylkingarinnar jafnaðarmannaflokks Íslands verður haldinn í  
Menntaskólanum í Hamrahlíð 27.-28. október*

## Efnisyfirlit

Menntun .....	3
Fjárfestum í menntun .....	3
Jafnrétti til náms .....	4
Öflugir framhaldsskólar .....	4
Velferð .....	5
Öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum .....	5
Málefni barna og fjölskyldna .....	6
Útrýmum fátækt .....	6
Bætum kjör og aðstæður öryrkja .....	7
Ísland - land þar sem er gott að eldast.....	7
Heilbrigðismál .....	8
Atvinnumál .....	9
Virk atvinnustefna .....	10
Ferðaþjónusta .....	10
Landbúnaður .....	11
Sjávarútvegur .....	11
Orkuauðlindir .....	11
Samgöngumál .....	11
Umhverfismál .....	12
Aðgerðir gegn loftslagsvá og súrnun sjávar .....	12
Rammaáætlun.....	12
Græna hagkerfið .....	13
Olíuleit og vinnsla.....	13
Varðveitum miðhálandið .....	13
Lýðræði, mannréttindi og stjórnarskrá.....	13
Ný stjórnarskrá.....	13
Lýðræði og fjölmiðlar .....	14
Mannréttindi og jafnrétti.....	14
Utanríkismál.....	15
Mannréttindamál og þróunarsamvinna.....	16
Fólk á flóttu .....	16
Frelsi Palestínu .....	16
Alþjóðastjórnsmál .....	17
Ríkisfjármál, efnahagur og viðskipti.....	17
Traustur gjaldmiðill er lykilatriði .....	17
Ríkisfjármál .....	18
Fjármálakerfið .....	19
Atvinna og fjármagn.....	19

# Eitt samfélag fyrir alla

## *Tillaga að stefnu Samfylkingarinnar jafnaðarmannaflokks Íslands fyrir landsfund 2017*

Eitt samfélag fyrir alla er sýn okkar jafnaðarmanna. Samfélag sem byggir á jöfnuði, jafnrétti, kvenfrelsi, umhverfis- og náttúruvernd, heilbrigðri samkeppni og mannréttindum, með áherslu á að allir hafi jöfn tækifæri til mannsæmandi lífs.

### **Menntun**

Samfylkingin byggir menntastefnu sína á rótgrónum gildum jafnaðarmanna um jöfnuð, félagslegt réttlæti og mannréttindi. Menntakerfið gegnir mikilvægu hlutverki við að auka jöfnuð í samfélaginu, mæta öllum börnum og ungmennum þar sem þau eru og gefa fólki tækifæri til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði jafn sem fyrir frekara nám.

Samfélag okkar stendur frammi fyrir tæknibyltingu sem mun hafa miklar breytingar í för með sér og eru að sumu leyti enn ófyrirséðar. Nýja iðnbyltingin sem er rétt að hefjast er frábrugðin þeirri síðustu vegna þess að nú mun tæknin ekki eingöngu koma í stað vöðvafls heldur líka hugarafis að einhverju marki. Gervigreindin gefur vélum áður óþekktu hæfni til að leysa verkefni og störf sem fólk með háskólamenntun, sérhæfða starfsmenntun og ófaglært sinnir í dag. Mikil tækifæri felast í sjálfvirknivæðingu og gervigreind en einnig ógnir ef ekki er rétt haldið á málum. Því þarf að skoða sérstaklega þátt menntunar í undirbúningi þessarar framtíðar. Leggja þarf t.d. auka áherslu á tölvufærni og tækninám, örva enn frekar skapandi og gagnrýna hugsun og efla hefðbundið listnám. Þá þarf að þróa virkari símenntunarúrræði til að mæta þeim sem þurfa að horfast í augu við breytingar á stöðu sinni vegna nýrra atvinnuhátta.

Það á að veita öllum tækifæri til þess að verða fullgildir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Skóli án aðgreiningar á að standa öllum til boða. Slíkur skóli hvetur og styður alla nemendur með jöfnuð og umburðarlyndi að leiðarljósi. Nemendur eiga að fá að þroskast í öruggu og mannþætandi umhverfi til að ná sínum besta mögulega árangri. Forgangsverkefni er að efla menntakerfið á öllum skólastigum, bæta starfsaðstæður og kjör kennara og gera skólunum kleift að bregðast við hröðum tækni- og samfélagsbreytingum. Einn þáttur í því er að efla samstarf kennara innan skóla og á milli skóla og skólastiga.

### **Fjárfestum í menntun**

Samfylkingin vill efla menntun á öllum skólastigum en sérstaklega þarf að efla háskólastigið og tækni-, starfs- og listnám í landinu. Það er óafsakanlegt að í jafn auðugu landi og Íslandi þurfi skólastarf að fara sum staðar fram í niðurníddum byggingum, að takmarka þurfi námsframboð eða að ekki sé hægt að manna skólana fagmenntuðu fólki. Skortur á kennurum er samfélagsvandi sem takast þarf á við. Nú um stundir er vandinn mestur í leikskólum en alvarlegur kennaraskortur í grunnskólum blasir einnig við.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- opinber fjárframlög á hvern háskólanema nái meðaltali Norðurlandanna, þannig að háskólamenntun standist samanburð við alþjóðlega háskóla í kennslu og rannsóknarstarfi.
- unnið verði gegn brottfalli í framhaldsskólum með sérstökum aðgerðum m.a. auknu fjölbreyttu námsframboði, einkum í iðn-, list- og verknámi.

- eflid verði þjónusta við börn með sérþarfir með því að tryggja til þess fjármagn, aðstöðu og fagfólk innan skólakerfisins.
- Starfsumhverfi og kjör kennara og starfsfólks skóla verði bætt.
- menntun á öllum skólastigum sé eins aðgengileg um allt land og kostur er og námsumhverfi ýti undir framsækið skólastarf.
- bjóða þarf öllum nemendum af erlendum uppruna upp á fyrsta flokks íslenskukennslu. Leita þarf leiða til að veita þeim sem besta aðstoð við móðurmálskennslu.

### **Jafnrétti til náms**

Efnahagur má aldrei ráða möguleikum til menntunar. Bestu skólakerfi heims eru þau sem leggja áherslu á jöfnuð þannig að félagsleg og fjárhagsleg staða nemenda hafi ekki áhrif á möguleika þeirra til góðrar menntunar. Liður í árangursríku skólastarfi að tryggja öllum nemendum jöfn tækifæri.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- bregðast við vaxandi ójöfnuði til náms eftir búsetu og gera landsbyggðirnar að fýsilegri kosti fyrir fagmenntað fólk.
- gefa nemendum sem þurfa sérstakan stuðning eða skipulag í námi sínu vegna fötlunar, veikinda eða annarra örðugleika tækifæri til að stunda nám á sínum forsendum með leiðum sem skila árangri.
- leikskólinn sé í raun fyrsta skólastigið og með samstarfi ríkis og sveitarfélaga verði leikskólinn gjaldfrjál.
- efla leikskólastigið þannig að það geti tekið á móti fleiri börnum.
- brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla sem veldur mörgum foreldrum vandræðum í dag.
- leita leiða til að draga úr kostnaði foreldra við skólagöngu grunnskólabarna.
- öll börn eigi möguleika á að stunda tómstunda- og íþróttastarf.
- aðgengi barna og unglinga að tónlistarnámi og öðru listnámi verði bætt.

### **Öflugir framhaldsskólar**

Allir landsmenn eiga að hafa tækifæri til að afla sér fjölbreyttrar menntunar á framhaldsskólastigi, óháð búsetu, kyni, aldri og fötlun. Mikilvægt er að tryggja fullorðnu fólki menntunarmöguleika í framhaldsskólakerfinu. Starfsmenntun og starfsþjálfun þarf að vera aðgengileg til að auka sveigjanleika á vinnumarkaði og mæta sameiginlegum þörfum atvinnulífs og atvinnuleitenda fyrir nýsköpun í takti við hraða tækniþróun. Nú geta nemendur sem eru 25 ára eða eldri ekki verið öruggir um að fá inngöngu í framhaldsskóla og þeim vísað í dýrt einkarekið nám, ætli þeir að sækja sér aukna menntun og styrkja stöðu sína. Skortur á fagmenntuðum iðnaðarmönnum er vaxandi vandi hér á landi. Nauðsynlegt er að efla iðnnám sem og annað starfsnám á framhaldsskólastigi.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- vinna enn frekar að því að gera iðnnám og annað starfsnám aðlaðandi og eftirsóknarvert í samstarfi við atvinnulífið, stéttarfélag og starfsmenntaskóla.
- kynna iðn- og starfsmenntun sem góðan og raunhæfan kost og meta raunfærni til námseininga.

- styrkja framhaldsskólana þannig að þeir geti mætt menntunarpörf á því landsvæði sem þeir starfa, hvort sem er í bóknámi eða starfsnámi óháð aldri, kyni eða félagslegri stöðu þeirra sem á námi þurfa að halda.
- gæta sérstaklega að því að skapa nýjum Íslendingum sem best skilyrði í menntakerfinu. Aðlögun þeirra innan skólakerfisins er forsenda fyrir aðlögun þeirra í íslensku samfélagi. Samfylkingin vill að allir eigi möguleika á því að styrkja stöðu sína með námi í opinbera skólakerfinu, óháð aldri, búsetu eða efnahag.
- stuðla að þróun dreifnáms og sveigjanlegs náms í því skyni að jafna aðgengi landsmanna að námi á öllum skólastigum.

### **Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna**

Tryggja verður hlutverk LÍN sem félagslegs jöfnunarsjóðs og að styrkjakerfi lánasjóðsins gagnist ekki fyrst og fremst þeim sem betur eru settir á kostnað þeirra sem mest þurfa á styrk að halda

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- námsstyrki og námslán á sanngjörnum kjörum sem nægja til framfærslu vera mikilvægan lið í því að tryggja jafnrétti til háskólanáms.
- styrkjakerfi að norrænni fyrirmynd, þar sem hluti láns fellur niður að námi loknu.

### **Velferð**

Velferðarstefna jafnaðarmanna hvílir á félagslegu réttlæti og jöfnuði. Við viljum jafna lífskjör og tryggja öllum tækifæri til að lifa með reisn. Samfylkingin vill samfélag umburðarlyndis og samkenndar. Jöfnuður og góð velferðarþjónusta fyrir alla eru grunnurinn að réttlátu samfélagi sem skapar öryggi og efnahagslegan stöðugleika. Með því að tryggja öllum aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun og félagsþjónustu, óháð efnahag, dregur það úr áhrifum stéttaskiptingar og veitir fleirum tækifæri til fullrar þátttöku í samfélaginu. Velferðarkerfið byggir á réttlátri skattheimtu og ábyrgri hagstjórn.

### **Öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum**

Húsnæðismál hafa alla tíð verið eitt af meginverkefnum jafnaðarmanna þar sem húsnæðisöryggi óháð efnahag eða félagslegri stöðu er forsenda jafnra tækifæra og almennrar velferðar.. Ráðast þarf í kraftmiklar aðgerðir strax þar sem ástand á húsnæðismarkaði er alvarlegt og bitnar harkalega á þeim sem síst skyldi. Ríkisvaldið hefur ekki gert nóg til þess að bregðast við þessum vanda og þarf að vinna að honum í samstarfi við sveitarfélögin.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- hækka húsnæðisbætur til leigjenda.
- koma þarf á einu kerfi húsnæðisbóta. Í dag fá leigjendur húsnæðisstuðning í formi húsnæðisbóta en húseigendur í formi vaxtabóta. Nýtt kerfi þarf að taka tillit til fjölda á heimili og vera aðgengilegt og fyrirsjáanlegt.
- ríkið tryggi að sú uppbygging sem er nauðsynleg á húsnæðismarkaði nýtist tekjulágu og eignalitlu fólki.
- áframhaldandi uppbyggingu á stærri og sterkari húsnæðissamvinnufélögum og leigufélögum sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða. Ríkið skoði leiðir til þess að fjármagna þau á hagkvæman hátt.

- ríkið og sveitarfélög komi saman að fjölgun á félagslegum íbúðum í öllum sveitarfélögum, einkum í þeim sveitarfélögum sem ekki hafa sinnt málaflokknum.
- auðvelda sveitarfélögum að fjölga félagslegum íbúðum með því að breyta reglum um skuldabak sveitarfélaga svo að skuldir vegna íbúðakaupa teljist ekki til almennra skulda. Einnig þarf að þannig heimila ríkinu að niðurgreiða beint lántöku sveitarfélaga til kaupa eða byggingar á félagslegum íbúðum.
- auka framboð á leiguíbúðum með því að gera skattfrjálsar tekjur einstaklinga vegna útleigu á einni íbúð í langtímaleigu. Þannig verði stuðlað að því að íbúðir verði frekar leigðar út til búsetu en til ferðamanna og haldið aftur af hækkun á leiguverði.
- styðja þurfi sérstaklega við leigjendur og ungt fólk við kaup á húsnæði eða búseturétti. Þróa þarf kerfi viðbótarlána með ríkisstuðningi til að gera ungu fólki kleift að fjármagna kaup eða fyrirframgreiða vaxtabætur nokkurra ára við kaup á íbúð.
- hraða uppbyggingu og endurbótum hjúkrunarheimila um allt land og að rekstur þeirra verði fullfjármagnaður til að mæta brýnni þörf.
- ríki og sveitarfélög ráðist í uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk og jafnframt þjónustukjarna sem hægt er að þjónusta fólk út frá inn í þær íbúðir sem fólk velur sér til búsetu.

### **Málefni barna og fjölskyldna**

Eitt mikilvægasta verkefni velferðarsamfélags er að vernda hag og stöðu barna og fjölskyldna þeirra. Tryggja þarf jafnan rétt og aðgengi að lífsgæðum sem í boði eru í samfélaginu, þar með talið að öll börn að 18 ára aldri hljóti menntun og tólmundastarf við hæfi án tillits til efnahags eða félagslegrar stöðu.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- hækka barnabætur og draga úr tekjutengingum. Stefnt skal að því að þær verði ekki tekjutengdar og jafni stöðu barnafólks og þeirra sem ekki eru með börn á framfæri.
- hækka greiðslur og lengja fæðingarorlof í 12 mánuði til að tryggja samveru barna við foreldra sína.
- brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla sem veldur foreldrum vandræðum í dag.
- börn alist upp í heilsueflandi samfélagi og auðvelda þarf heilsusamlegt val.
- heilsusamlegar skólamáltíðir verði á viðráðanlegu verði og að þær verði gerðar gjaldfrjálsar í áföngum í samstarfi ríkis og sveitarfélaga, eins og menntun barna.
- bæta og samhæfa samstarf stofnana á mennta-, félags- og heilbrigðissviði svo hægt er að veita börnum og fjölskyldum þeirra heildstæða þjónustu.
- dómstólar fái ríkari rétt til að dæma ungt fólk til samfélagsþjónustu.
- fjármagna úrræði sem koma í veg fyrir að börn þurfi að sitja í fangelsi.
- vinna markvisst gegn öllu ofbeldi gegn börnum: líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi, einelti og vanrækslu. Leggja skal ríkari áherslu á barnavernd, fjölskylduráðgjöf, ofbeldisvarnir og aðstoð við þolendur, aðstandendur og gerendur.

### **Útrýmum fátækt**

Enginn á að þurfa búa við fátækt á Íslandi. Í dag er fátækt og ójöfnuður alvarlegt vandamál sem er viðhaldið með pólitískum ákvörðunum. Afleiðingar félags- og efnahaglegs ójafnaðar miklar og sérstaklega eru áhrifin slæm á börn. Krafa Samfylkingarinnar er að öllum verði gert kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og ráðist verði gegn fátækt með öllum tiltækum ráðum.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- ekkert barn búi við fátækt. Ríki og sveitarfélög eiga að vinna saman að því að búa vel að börnum og koma í veg fyrir að börn alist upp í fátækt.
- lækka þjónustugjöld vegna opinberrar þjónustu með jafnt aðgengi allra að leiðarljósi.
- bæta þarf kjör aldraðra og öryrkja í gegnum kerfi almannatrygginga og tryggja þeim mannsæmandi kjör.
- þróa nýjar leiðir til að finna lausn á vanda einstaklinga sem eiga hvergi heima og bjóða upp á skaðaminnkandi úrræði á forsendum hvers og eins.
- unnin verði aðgerðaáætlun um hvernig koma megi í veg fyrir fátækt þar sem horft verði til samspils húsnæðisstöðu, heilsufars og heimilisgerðar og hvernig við getum þétt öryggisnet velferðarkerfisins meðal annars með þrepaskiptu skattkerfi, persónuafslætti, almannatryggingum og ríkulegum barna- og húsnæðisstuðningi.

### **Bætum kjör og aðstæður öryrkja**

Samfylkingin leggur áherslu á öruggt og traust lífeyrskerfi sem tryggi öllum viðunandi lífsviðurværi óháð aldri. Samfylkingin vill að fólk hafi jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu á eigin forsendum og fái stuðning og tækifæri í samræmi við þarfir sínar. Stuðla þarf að meiri samstarfi milli mismunandi þjónustupátta, skóla, félags- og heilbrigðisþjónustu.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- almannatryggingakerfið tryggi mannsæmandi lífeyri þeim sem ekki hafa haft möguleika á að ávinna sér lífeyri vegna lágra launa og/eða skertrar atvinnuþátttöku.
- við örorkumat verði horft til möguleika og getu fólks en ekki til sjúkdómsgreiningar og færniskerðingar.
- bæta kerfi örorkulífeyris og greiða leið þeirra sem geta inn á vinnumarkaðinn.
- ljúka heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu þar sem krónu á móti krónu skerðingar verði afnumdar.
- notendastýrð persónuleg þjónusta (NPA) verði lögbundin og raunhæfur kostur fyrir fatlað fólk.
- efla túlkþjónusta til að tryggja öllum virka þátttöku í samfélaginu.
- sett verði á laggirnar ráðgjafa- og greiðslumiðstöð í samstarfi við sveitarfélög og TR sem veitir fólki upplýsingar um réttindi, valmöguleika, þjónustu og kostnað hjá lífeyrissjóðum, sjúkrasjóðum, almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum eða sveitarfélögum. Þangað geti allir notendur velferðarþjónustu leitað.
- virkja notendur til þátttöku í að skipuleggja og þróa þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda og meta hana. Slíkt á við í heilbrigðisþjónustu, forvörnum og allri félagslegri þjónustu.
- tryggja öflugt eftirlit til að gæði velferðarþjónustunnar séu eins og best verði á kosið.

### **Ísland - land þar sem er gott að eldast**

Á næstu árum mun Íslendingum 67 ára og eldri fjölga um meira en helming (65%). Þeir eru vel á sig komnir, lifa lengur og hafa fjölbreyttari starfsreynslu og menntun en nokkru sinni áður. Þessi hópur vill hafa sem mest áhrif á eigin aðstæður. Hafa val eins lengi og kostur er um atvinnuþátttöku, viðbótarmenntun, hreyfingu og innihaldsríkar tólmstundir.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- boðið verði upp á sveigjanleg starfslok og störf fyrir eldri borgara.
- eftirlaun í landinu verði þau sömu og lágmarkslaun.

- skerðingar framfærsluuppbotar verði felldar niður og bótaflokkar sameinaðir í einn, ellilífeyri.
- nýja valkosti í húsnæðismálum eldra fólks. Litlar ódýrar íbúðir til leigu eða kaups, svipað og boðið er uppá fyrir námsmenn.
- heimahjúkrun og endurhæfing aldraðra verði eflað til muna og samþætt til að auka val, bæta gæði og minnka þörfina fyrir ný hjúkrunarrými.
- byggja ný hjúkrunarheimili og vinna að endurbótum í samræmi við nýja áætlun til að mæta brýnni þörf.
- afnema vasapeningafyrirkomulagið á hjúkrunarheimilum
- áfram verði unnið að styrkingu íslenska lífeyriskerfisins enda byggji það á sjóðsöfnun og samtryggingu. Sjóðirnir þurfa að verða burðugir til að taka við stærstum hluta lífeyrisgreiðslna til ellilífeyrisþega. Uns lífeyriskerfið nær fullum þroska munu almannatryggingar gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja ásættanlega afkomu lífeyrisþega.

### Heilbrigðismál

Samfylkingin vill öflugna, opinbera heilbrigðisþjónustu og vera í fremstu röð þjóða á því sviði. Þjónustan sé öllum aðgengileg óháð efnahag og búsetu og að kröfur um gæði, hagkvæmni og öryggi séu skýrar. Mótun heildarstefnu um heilbrigðisþjónustu þar sem hlutverk hinna ýmsu þátta séu vel skilgreindir. Áhersla verði lögð á heilsueflandi aðgerðir og forvarnir fyrir alla aldurshópa innan og utan stofnana. Markmið lýðheilsu verði leiðarstef.

Grunnþjónustan verði styrkt um allt land með eflingu heilsugæslu. Þar verði lögð áhersla á aukna þverfaglega teymisvinnu, m.a. sjúkra- og iðjuþjálfun, næringarráðgjöf, sálfræðiþjónusta, talþjálfun, félags- og fjölskylduráðgjöf. Sérfræðiþjónusta um allt land verði skipulögð í samstarfi við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri. Gert verði átak í uppbyggingu fjarlækninga á landsbyggðinni.

Þjónusta við aldraða og fólk með langvinna sjúkdóma færir til sveitarfélaga og byggist á nánu samstarfi við heilsugæslu. Forsenda þess er að þjónustan verði fullfjármögnuð af ríkinu. Þjónusta við aldraða, t.d. heimahjúkrun og heimaþjónusta verði samþætt og sameinuð á vegum sveitarfélaga.

Sjúkraflutningar, bæði á landi og í lofti, verði eflir og þjónustan samræmd á landsvísu. Starfsemi heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni verði styrkt. Hlutverk heilbrigðisstofnana skilgreint og þeim tryggt rekstrarfé til lögbundinnar þjónustu.

Starfsemi og þjónusta Landspítala verði eflað í þágu allra landsmanna og fjárveitingar endurspeglir raunverulega starfsemi og þjónustu. Bygging Landspítala verði sett í forgang og staðið verði við tímaáætlun um framkvæmdina.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- hámark á kostnaðarpáttöku heimila vegna heilbrigðisþjónustu verði lækkað svo um munar. Sameiginlegur hámarkskostnaður vegna heilbrigðisþjónustu verði ekki hærrí en 50.000 kr. fyrir almenning en 36.000 fyrir lífeyrisþega. Hámark kostnaðarpáttöku hvers heimilis nái líka til lyfja, tannlækninga barna og lífeyrisþega, hjálparkækja og sálfræðiþjónustu



- efla geðheilbrigðisþjónustu og sálfræðiþjónusta verði aðgengileg í framhaldsskólum.
- virka þjónustustýringu (tilvísunarkerfi) innan heilbrigðisþjónustunnar.
- auka upplýsingagjöf til notenda velferðarþjónustunnar, m.a. með miðlægri upplýsingaveitu.
- .lagður verði lýðheilsuskattur á óholla matvöru
- lögð verði aukin áhersla á forvarnir og heilsueflingu á öllum aldurskeiðum.
- tekist verði á við fíknisjúkdóma með áherslu á forvarnir, meðferð og endurhæfingu.

## Atvinnumál

Það er eitt af grundvallarsjónarmið Samfylkingarinnar að sérhverjum einstaklingi verði tryggð skilyrði til að rækta hæfileika sína og nýta í þágu eigin velferðar, samfélags síns og komandi kynslóða. Atvinnutækifæri þurfa að vera fjölbreytt og vinnustaðir öruggir fyrir þá sem þar starfa. Girða þarf fyrir félagsleg undirboð og tryggja að réttindi og laun allra sem vinna hér á landi séu í samræmi við kjarasamninga og lög.

Fjölga þarf vellaunuðum störfum hér á landi og auka fjölbreytni þeirra um allt land. Til þess að byggja atvinnulífið í enn frekara mæli á hugviti, listum og nýsköpun. Sú þróun er líka nauðsynleg til þess að bregðast við þeirri öru þróun í tækni sem nú á sér stað um heim allan og er að gjörbreyta þeim störfum sem mannshöndin og -hugur kemur að. Ísland á að vera í í forystu á heimsvísu í að mæta þeim áskorunum sem eru framundan. Lykilatriði í þeim undirbúningi er sókn í skólakerfinu sem gerir Íslendingum kleift að vera virkir þátttakendur í þeirri framþróun sem verður á næstu árum. Finna þarf nýjar leiðir til þess að tryggja öllum störf við hæfi og mannsæmandi líf. Afleiðing tæknibyltingar má aldrei verða aukinn ójöfnuður og fátækt.

Þannig tryggjum við að ungt fólk sjái sér framtíð hér á landi og að samkeppnishæfni Íslands verði í fremstu röð. Besta leiðin til þess að tryggja stöðugleika, lækka vexti og auka erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnulífi er upptaka evru í kjölfarið á aðild að Evrópusambandinu.

Samfylkingin leggur áherslu á:

- að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild að Evrópusambandinu.
- stórsókn í skólakerfinu til þess að mæta tækniframförum og breytingum á vinnumarkaði.
- lækkun tryggingargjalds sem leggst ofan á launagreiðslur fyrirtækja og þ.a.l. þyngst á fyrirtæki með háan launakostnað.
- að auka fjárfestingu í fyrirtækjum í nýjum og vaxandi atvinnugreinum með því að veita almenningi skattafrádrátt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
- jafnrétti til náms og að fólk á öllum aldri njóti raunverulegra tækifæra til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, m.a. með greiðum aðgengi að námi án aldurstakmarka.
- að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og mansal með öflugri eftirliti í samstarfi við verkalýðsfélög og með því að móta og setja í framkvæmd markvissa vinnu gegn mansali.
- að lögleiða keðjuábyrgð á verktakamarkaði

Við þurfum að nýta arð af auðlindum landsins í þágu fólks og atvinnulífs um land allt. Nýting auðlindaarðsins til uppbyggingar fyrir atvinnulíf framtíðarinnar er lykill að farsælli byggðastefnu. Byggja þarf upp atvinnulíf og samgöngur út um allt land. Leggja þarf enn meiri áherslu á sóknaráætlanir landshluta þar sem heimamenn forgangsraða fjárfestingu og uppbyggingu í heimabyggð. Auk þess þarf hið opinbera að bjóða störf án staðsetningar setja á á fót

stjórnsýslustarfsstöðvar í stærri sveitarfélögum þar sem starfsfólk mismunandi stjórnsýslustofnana getur starfað.

Virk jafnréttisstefna og löggjöf um jafna stöðu kynja er nauðsynleg til að tryggja að atvinnulífið fái notið reynslu, hæfileika og þekkingu allra óháð kyni þeirra. Íslenskt atvinnulíf þarf að hafa aðgang að menntuðu og sérhæfðu starfsfólki, bæði innlendu og erlendu og gera þannig íslensk fyrirtæki samkeppnishæf um mannauð í alþjóðlegu samhengi.

### **Virk atvinnustefna**

Mikilvægt er að tryggja fullorðnu fólki og fötluðu fólki menntunarkosti í framhaldsskólakerfinu. Jafnframt verði tryggð endurmenntun og starfsþjálfun til þess að auka sveigjanleika á vinnumarkaði og mæta sameiginlegum þörfum atvinnulífs og atvinnulausra fyrir nýsköpun í takti við þá hröðu tækniþróun sem á sér stað. Samfylkingin leggur höfuðáherslu á virka atvinnustefnu sem miðar að því að tryggja að allir fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu á eigin forsendum. Stjórnvöld eiga að vinna með stéttarfélögum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins að þróun og fjármögnun virkra vinnumarkaðsúrræða. Þar skal sérstaklega horft til menntunar- og starfstengdra úrræða og stuðningi við þá sem missa vinnuna. Þannig aukum við sveigjanleika á vinnumarkaði.

Samfylkingin leggur áherslu á:

- að atvinnuleysisbætur fylgi þróun lágmarkslauna.
- starfsþjálfunar- og menntunarúrræði fyrir atvinnulaust ungt fólk enda sérstök hætta á að langtímaatvinnuleysi skerði þátttöku þess á vinnumarkaði og í samfélaginu til frambúðar.
- að vinnustaðir leiti leiða til þess að bjóða hlutastörf fyrir fólk með skerta starfsgetu og að fólki verði tryggð aðlögun og stuðningur inn á vinnustað.
- að lögum um opinber innkaup verði breytt svo að opinberar stofnanir megi kaupa að hluta til vörur og þjónustu af svokölluðum vernduðum vinnustöðum.

### **Ferðapjónusta**

Vegna mikillar fjölgunar ferðamanna, sem sækja Ísland heim, er mikilvægt að fara í innviðauppyggingu á helstu ferðamannastöðum um allt land með aðild og þátttöku ferðapjónustunnar. Auka þarf opinberar tekjur til að standa undir auknum framlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og sveitarfélaga.

Samfylkingin leggur áherslu á:

- samstillt átak ferðapjónustufyrirtækja og stjórnvalda til að vernda og byggja upp ferðamannastaði. Til framtíðar á áherslan að vera á aukna verðmætasköpun í greininni fremur en fjölgun ferðamanna og jafnari dreifingu ferðamanna út um allt land.
- umboð stjórnvalda til að grípa inn í ef hætta stafar af ágangi ferðamanna, t.d. með tímabundnum lokunum eða takmörkunum á umferð og fjölda ferðamanna inn á ákveðin svæði.
- sanngjarna leið til innheimtu auðlindagjalds vegna nýtingar ferðapjónustunnar á náttúru landsins. Með slíku gjaldi er unnt að tryggja vernd og viðhald fjölsóttustu ferðamannastaða, skapa færi til að fjölga áfangastöðum, bæta gæði og þar með verðmætasköpun í ferðapjónustunni. Tryggja þarf að verulegur hluti gjaldtökunnar renni til sveitarfélaga.

## Landbúnaður

Mikil sóknarfæri eru í landbúnaði og liggja þau m.a. í þróun matvæla, tengslum við ferðaþjónustu og skógrækt. Endurskoða skal búvörusamninga með það að markmiði að bæta kjör og aðstæður bænda og tryggja neytendum sanngjarnt verð og gæði. Stærri hluti stuðnings við landbúnað þarf að fara til þeirra í gegnum, byggðastyrki, græna styrki og nýsköpunargreiðslur.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- hagsmunir bænda og neytenda fari saman í áherslu á nýsköpun, sjálfbærni og framþróun í greininni og styrkjaumhverfi landbúnaðarins tryggi rekstraröryggi og afkomu bænda.
- rekstrarumhverfi landbúnaðarins verði með þeim hætti að það styrki byggðir, auki frelsi bænda og leiði af sér hagkvæma og vistvæna gæðaframleiðslu.
- vöruverð til neytenda lækki og samkeppni verði aukin með lækkun verndartolla í landbúnaði.
- ríkið setji sér matarstefnu sem taki mið af sjálfbærni í matvælaframleiðslu, loftslagsmálum, næringu, lýðheilsu og félagslegum þáttum.

## Sjávarútvegur

Íslenska þjóðin á að fá sanngjarnan hlut af auðlindarentu í sjávarútvegi. Góð leið til þess er að bjóða út kvóta til þess að tryggja almenningi sanngjarnar tekjur af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Úthluta á aflaheimildum á jafnræðisgrundvelli til hóflegs tíma með gagnsæjum hætti.

Samfylkingin leggur áherslu á:

- heilbrigðar leikreglur um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunar á Íslandi með atvinnufrelsi, jafnræði og nýliðunarmöguleika að leiðarljósi.
- vinna með öllum ráðum gegn mengun hafsins og súrnun sjávar.
- að efla umræðu um þá möguleika sem opnast með aðild að ESB hvað varðar arðsama vinnslu sjávarafurða á Íslandi. Með aðild fæst fullt tollfrelsi fyrir allar sjávarafurðir á Evrópumarkað.

## Orkuauðlindir

Mikilvægt er að þær orkuauðlindir sem sátt er um að virkja samkvæmt rammaáætlun verði nýttar til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu í samræmi við nýja orkustefnu. Íslenska þjóðin á að fá sanngjarnan hlut af auðlindarentu í orkufyrirtækjum. Mikilvægt er að samfélagslega nauðsynlegar auðlindir á borð við neysluvatn sem og flutningskerfi, dreifiveitur þeirra séu ávallt í opinberri eigu og varðar fyrir hverkyns mengunarhættu. Athuga skal hvort hagkvæmara geti reynst að ríkisfyrirtæki í orkugeiranum fjármagni sig án ríkisábyrgðar í framtíðinni.

## Samgöngumál

Þau framlög sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir til samgangna og fjarskipta er of lítil og það hamlar eðlilegri þróun atvinnulífs og rýrir búsetuskilyrði víðs vegar um landið. Ástand vegakerfisins er orðið bágborið bæði vegna þess að viðhaldi er ekki sinnt og nýframkvæmdir er litlar í sögulegu samhengi. Á sama tíma stóreykst álag á vegi landsin vegna fjölgunar ferðamanna.

Stórauka þarf almenningssamgöngur í þéttbýli og dreifbýli. Til að spara fé, fjölga ódýrum ferðamöguleikum, bæta loftgæði, lýðheilsu og lífsgæði.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- staðið verði við samgönguáætlun sem var samþykkt á Alþingi. Bættar samgöngur skila sér í margvíslegu formi til íbúa landsins. Betri og greiðari samgöngur styrkja atvinnuvegina, búsetuskilyrðin og stuðla að uppbyggingu og bættri líðan fólks á landssvæðum þar sem samgöngur eru svo slæmar að ástandið bitnar á lífsgæðum íbúa.
- nauðsynlegt er að ríkið komi að uppbyggingu borgarlínu í samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og efli almenningssamgöngur um allt land.
- byrja undirbúningsvinnu vegna sjálfakandi bifreiða og þeirra breytinga sem sú tækni mun hafa í för með sér. Almenningsamgöngur munu þrátt fyrir þessa þróun gegna lykilhlutverki í góðu samgöngukerfi sem er aðgengilegt öllum.

## Umhverfismál

Samfylkingin telur mikilvægt að breytt sé í þágu umhverfisvænna sjálfbærra lausna í hagkerfinu, umhverfisvænar opinberar fjárfestingar fái algjöran forgang og grænt hagkerfi verði einn af grunntónum í kynningu Íslands út á við.

### Aðgerðir gegn loftslagsvá og súrnun sjávar

Hættulegar breytingar á loftslaginu eru áhyggjuefni um allan heim, líka á Íslandi. Hröð súrnun sjávar á norðurslóðum verður að öllum líkindum alvarlegasti þáttur breytinganna á næstu áratugum. Aukin súrnun sjávar getur haft ógnvænleg áhrif á lífríki hafsins á norðurslóðum jafnvel strax á næstu árum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir atvinnulíf og lífsskilyrði. Líkja má súrnun sjávar við þá ógn sem láglandum eyríkjum stafar af hækkun yfirborðs sjávar. Það eru ríkir þjóðarhagsmunir að íslensk stjórnvöld verði í hópi forysturíkja í loftslagsmálum á alþjóðavettvangi. Íslendingum ber einnig að vera í fararbroddi í aðgerðum innanlands gegn þessari vá.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- aðgerðaáætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda verði fylgt eftir til fulls og tímasettum markmiðum náð.
- endurskoða áætlunina með hliðsjón af nýjum markmiðum Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsríkjanna miða þarf aðgerðir við niðurstöður nýlegra rannsókna á súrnun sjávar minnka notkun jarðefnaeldsneytis með orkuskiptum í bíla- og skipaflotanum.
- binda gróðurhúsalofttegundir í gróðri og jarðvegi með ræktun, vernd og endurheimt votlendis og nýjum leiðum á borð við niðurdælingu og framleiðslu metanóls úr koltvísýringi.
- vöktun og rannsóknir á súrnun verði forgangsverkefni sem stjórnvöld eigi að beita sér fyrir á alþjóðavettvangi.

### Rammaáætlun

Rammaáætlun er ætlað að skapa sátt um nýtingu og verndun náttúrunnar. Sáttin er um að sömu reglur gildi ávallt við mat á náttúrusvæðum gagnvart óskum um orkunýtingu.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- uppfæra rammaáætlun og leggur áherslu á að Alþingi taki einungis ákvarðanir innan þess ramma sem faglegt matsferli markar, auk hliðsjónar af umsögnum frá almenningi.
- Rammaáætlun taki líka til náttúrusvæða og kallist á við náttúruverndaráætlun.
- Áfram þarf að þróa vinnubrögð í faglega matsferlinu, svo sem við mat landslagsheilda, minjavernd, tillit til flutningskerfa, mat á gildi svæða fyrir útivist og ferðaþjónustu, mat á virkjunarframkvæmda á nærsamfélagið og mat á gildi svæða fyrir landbúnað og matvælaframleiðslu.
- nauðsynlegt er að takamarka verulega nýtingu náttúrusvæða til óafturkræfrar orkunýtingar.

### **Græna hagkerfið**

Stefnan um Græna hagkerfið er fyrsta heildstæða stefnumótunin um sjálfbært, hagsælt samfélag. Henni fylgdi skýr aðgerðaáætlun og verkaskipting sem ekki hefur verið staðið við.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi.
- hagrænum hvötum verði beitt í þágu umhverfisvænna sjálfbærra lausna.
- mengunarbótareglan verði grunnur að gjaldtöku.

### **Olíuleit og vinnsla**

Vinnsla jarðefnaeldsneytis á íslensku hafsvæði er í ósamræmi við hagsmuni Íslendinga í baráttunni gegn hlýnun jarðar, skapar hættu á mengunarslysum og umhverfisógn í grennd við fiskimið okkar og verðmæta strandlengju, og myndi skaða ímynd Íslands sem miðstöðvar matvælaframleiðslu, náttúruparadísar ferðamanna og framsækings ríkis í orku- og umhverfismálum.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- Íslendingar lýsi því yfir að þeir hyggist ekki nýta hugsanlega jarðefnaorkukosti í lögsögu sinni og ekki gefa út ný leyfi til leitar á olíu.
- slík yfirlýsing yrði hluti af framlagi Íslendinga til heildarsamkomulags um aðgerðir gegn loftslagsvá.

### **Varðveitum miðhálandið**

Samfylkingin styður eindregið uppbyggingu þjóðgarðs á miðhálandinu og verndun þess.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- miðhálandið verði ein skipulags- og stjórnunarheild í samstarfi við sveitarfélög, annarra umhverfisstjórnvalda og fulltrúa félagasamtaka almennings.

## **Lýðræði, mannréttindi og stjórnarskrá**

### **Ný stjórnarskrá**

Stjórnarskrá er samfélagssáttmáli þjóðar sem veitir henni leiðsögn og stuðning. Eftir fjármálahrun 2008 samþykkti Alþingi merkan feril fyrir úrbætur á stjórnarskrá lýðveldisins sem vakið hefur alþjóðlega athygli, en herslumun vantar á að ljúka. Ferlið var opið og gagnsætt og hófst með skipun Alþingis á stjórnlaganefnd sem hélt þjóðfund. Stjórnlagaráð byggði vinnu sína á

niðurstöðum hans og skilaði frumvarpi til Alþingis sem tók málið til ítarlegrar umfjöllunar. Staða stjórnarskrármálsins er á margan hátt athyglisverð og margt verið gert síðasta áratuginn. Augljóst er að tíminn og samfélagsþróunin vinnur með úrbótum. Ekki verður unað lengur við óbreytt ástand. Tillögur Stjórnlagaráðs kollvarpa ekki gildandi stjórnarskrá og hefur frumvarpið þegar verið yfirfarið af Alþingi með aðstoð hæfustu sérfræðinga, innanlands og utan. Meginhugsunin er að styrkja lýðræði, jafnræði og velferð og þar með sjálfbærni á mörgum sviðum samfélagsins, auk þess að tryggja að arður af auðlindum þjóðarinnar renni í sameiginlega sjóði landsmanna.

Tillögur stjórnlagaráðs hafa verið samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslu og þjóðarvilja skal virða. Mikilvægt er að umræða og kynning á málinu haldi áfram.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- þjóðarvilji verði virtur og þjóðin eignist nýja stjórnarskrá, byggða á tillögum stjórnlagaráðs, niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðsunnar 2012 og þeim úrbótum sem þegar hafa verið lagðar til á Alþingi árið 2013. Samfylkingin hefur gengt lykilhlutverki í því ferli og vill ljúka því hið fyrsta.

### **Lýðræði og fjölmiðlar**

Auka þarf þátttöku fólks í stjórnámálum, samfélagslegri umræðu og veita því aðkomu að ákörðunatöku.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- tryggja aðgengi fólks að upplýsingum og opna umræðu svo fólki gefist kostur á að veita öflugt aðhald.
- hér á landi þrífist sjálfstæðir, öflugir fjölmiðlar.
- kosningaréttur miðist við 16 ára aldur og gripið verði til aðgerða til að auka kosningaþátttöku.

### **Mannréttindi og jafnrétti**

Allar manneskjur eiga að búa við jafnrétti og frelsi og jöfn tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi. Ólíkur bakgrunnur fólks og fjölbreytni í mannlífinu gerir samfélagið auðugra og skemmtilegra.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- Ísland taki frumkvæði í mannréttindamálum en sé ekki farþegi í samfélagi þjóða.
- þjónusta við fatlað fólk er mannréttindamál, ekki félagslegt úrræði. Vinna áfram að viðhorfsbreytingu og rétti fatlaðs fólks til einkalífs og sjálfsákvörðunarréttar.
- Ísland verði áfram í fararbroddi í réttindabaráttu hinsegin fólks og að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir réttindum hinsegin fólks á heimsvísu, gegn hatursorðræðu og ofbeldi. Vill Samfylkingin að stjórnvöld noti öll tækifæri sem þeim gefst til að gagnrýna mannréttindabrot gegn hinsegin fólki um allan heim.
- stjórnvöld setji langtímamarkmið og framkvæmdaráætlun um breytingar á kynbundnu náms- og starfsvali sem til lengri tíma hefur áhrif á kynbundinn vinnumarkað og launamun.

- forstöðumenn opinberra stofnana verði áminntir ef kynbundinn launamunur viðgengst undir þeirra stjórn.
- stjórnvöld beiti sér fyrir því að bæta stöðu fólks af erlendum uppruna á Íslandi og geri þeim þannig kleift að verða virkari þátttakendur í samfélaginu.
- taka á móti fleira flóttafólki.
- taka betur á móti hælisleitendum. Horfa þarf sérstaklega til barna við málsferð. Allir fái sanngjarna úrlausn sinna mála.
- stofnað verði Ofbeldisvarnarráð Íslands sem vinni markvisst að forvörnum og fræðslu gegn ofbeldi í samvinnu við sveitarfélög um allt land, lögreglu og grasrótahreyfingar.
- endurskoða refsiramma vímulöggjafarinnar, draga úr refsingu og auka stuðning og aðstoð við þá sem glíma við vímuefnavanda. Varsla neysluskammta fíkniefna á ekki að vera refsiverð.
- bjóða föngum betrunarvist í stað refsivistar, m.a. með því að efla menntun fanga og draga þannig úr líkum á endurteknum afbrotum. Mikilvægt er að hlúa að aðstandendum fanga en nú er hvorki fyrir hendi fagleg aðstoð við aðstandendur né aðstaða fyrir þá í fangelsunum.

## Utanríkismál

Samfylkingin leggur áherslu á nána og góða samvinnu Íslands við önnur lýðræðisríki og virka þátttöku Íslendinga innan alþjóðasamfélagsins. Hún telur að lykill að farsæld þjóðar felist í nánnum samskiptum við aðrar þjóðir, ekki síst innan Evrópu, meðal annars á sviði viðskipta, umhverfisverndar, öryggismála, menningar- og menntamála. Framtíð okkar byggir á opnum og fordómalausum alþjóðasamskiptum og vill Samfylkingin að unnið verði gegn hvers kyns öfgahyggju.

Utanríkisstefna Samfylkingarinnar byggir á aðild að Sameinuðu þjóðunum, Norðurlandaráði, fríverslunarsamtökum Evrópu og samvinnu við aðrar þjóðir innan Atlantshafsbandalagsins.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- Ísland vinni af metnaði að þróunar- og mannréttindamálum og að friðarboðskapur verði grunnstef í utanríkisstefnu landsins enda bitnar stríðsrekstur og ofbeldi mest á þeim sem síst skyldi.
- þjóðin hafi aðkomu að ákvörðunum í stórum utanríkismálum svo sem aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum og ríkjasamböndum, t.d. með þjóðaratkvæðagreiðslu.
- þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Aðild mundi í senn styrkja fullveldi íslensku þjóðarinnar og þjóna hagsmunum einstaklinga, fyrirtækja og umhverfis, t.d. með lægri vöxtum og auknum stöðugleika.
- full þátttaka í sameiginlegum markaði Evrópuríkja er lykilatriði til að halda framsæknum fyrirtækjum í landinu, fjölga störfum og ýta undir nýsköpun. EES samningurinn dugir ekki duga til að tryggja hagsmuni þjóðarinnar til lengri tíma.
- Ísland beiti sér á alþjóðavettvangi fyrir aðgerðum sem auðvelda þróunarlöndum þátttöku í alþjóðaviðskiptum, sér í lagi með afnámi hvers kyns tolla og tæknilegra hindrana en það er eitt stærsta hagsmunamál þróunarlanda.
- fríverslunarsamningar verði gerðir við Bretland vegna útgöngu Breta úr Evrópusambandinu (Brexit).

- efla fjölþjóðlegt samstarf um málefni norðurslóða. Auka þarf vægi Norðurskautsráðsins og efla samvinnu um norðurslóðir á sviði vísinda og menntunar með gagnkvæmum samningum við aðrar þjóðir. Setja á stefnu um réttindi frumbyggja og styðja baráttu þeirra fyrir áhrifum á umhverfi sitt og afkomu.
- viðskiptasamningar íslenskra stjórnvalda og fyrirtækja skulu ætíð taka mið af mannréttinda- og umhverfissjónarmiðum.

### **Mannréttindamál og þróunarsamvinna**

Samfylkingin leggur áherslu á að Ísland vinni að mannréttindamálum á alþjóðlegum vettvangi sem málsvari mannúðar, jafnréttis og lýðræðis. Ísland á að beita rödd sinni gegn hvers kyns mannréttindabrotum og taka forystu í alþjóðlegri baráttu gegn fordómum, öfgum og mismunun og styðja við réttindabaráttu minnihlutahópa á alþjóðavísu. Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Íslendingum ber að leggja ríkulega af mörkum til að taka þátt í því alþjóðlega verkefni að draga úr hungri, fátækt, barnadauða og félagslegu ranglæti.

Samfylkingin leggur áherslu á:

- að framlög til þróunarsamvinnu nái viðmiðum SP um 0,7% af vergum þjóðartekjum.
- að sjálfbær þróun, ekki síst á sviðum sjávarútvegs og endurnýjanlegrar orku, sé jafnan í öndvegi.
- menntun og heilbrigðismál sem mikilvægan þátt þróunarsamvinnu. Leggja þarf sérstaka áherslu á að efla konur til menntunar, atvinnu og sjálfstæðis í þróunarlöndum.
- forgangsröðun á vinnu og fjármagni í baráttu gegn fátækt og mansali ásamt auknum mannréttindum barna, kvenna, hinsegin fólks.
- að þróunarsamvinnustofnun Íslands verði sett á fót á ný.

### **Fólk á flóttu**

Aldrei hafa verið fleiri á flóttu í heiminum en nú. Langstærstur hluti þeirra sem eru á flóttu eru að flýja stríðsátök. Vegna aukinna átaka, borgarastyrjalda og ofbeldis í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku hefur hlutfall þeirra sem óskað hafa eftir alþjóðlegri vernd vaxið svo um munar síðustu ár.

Grípa þarf til umfangsmikilla aðgerða, m.a. í formi mannúðar- og efnahagsaðstoðar, á þeim svæðum sem fólk er að flýja. Einnig ber að aðstoða þau ríki sem bera þyngstu byrðarnar í dag og ráða ekki við áskorunina sem felst í móttöku, skráningu og hýsingu flóttafólks. Til lengri tíma litið snýst verkefnið um að vinna að friði í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku og búa fólki þannig aðstæður að það þurfi ekki að flýja.

Ísland hefur m.a. lögfest Mannréttindasáttmála Evrópu, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Flóttamannasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- íslensk stjórnvöld leggi sitt af mörkum svo hægt sé að taka á þeim áskorunum sem fylgja auknum straumi flóttafólks til Evrópu. Það er mannúðarmál sem snertir okkur öll. Ísland verður þar af leiðandi að veita fleiri fórnarlömbum stríðsátaka skjól og vernd hér á landi.

### **Frelsi Palestínu**



Samfylkingin fagnar því að sífelld fleiri ríki viðurkenna fullveldi og sjálfstæði Palestínu og áheyrnaraðild ríkisins að Sameinuðu þjóðunum og fylgi þar með fordæmi Íslendinga. Samfylkingin fordæmir hernám og ólöglegar landtökubýggðir ísraelskra stjórnvalda.

Samfylkingin leggur áherslu á:

- að Ísland styðji inngöngu Palestínu í fjölþjóðlegar stofnanir, þar á meðal Sameinuðu þjóðirnar.
- palestínskum yfirvöldum verði boðið að opna sendiráð á Íslandi.

### **Alþjóðastjórnsmál**

Alþjóðlegri glæpastarfsemi og uppgangi öfgahópa vex fiskur um hrygg um allan heim og er það áhyggjuefni. Mikilvægt er að sporna gegn því að frekari öfgar, átök og ofbeldi brjótist út í heiminum.

Samfylkingin leggur áherslu á:

- aukið norrænt samstarf á alþjóðavettvangi enda er alþjóðakerfið á miklum umbrotatímum og mikilvægt að norræn gildi um mannréttindi, samvinnu og jöfnuð verði í hávegum höfð á alþjóðavettvangi.
- að íslensk stjórnvöld séu málsvarar friðsamlegrar samvinnu þjóða á milli, afvopnunar og útrýmingar gereyðingarvopna í öllu alþjóðlegu samstarfi.
- að íslenska friðargæslan einbeiti sér áfram að mannúðarverkefnum og taki ekki þátt í hernaðarlegum aðgerðum.
- Ísland verði kjarnorkuvopnalaust svæði þar sem öll umferð kjarnavopna um hafsvæði eða lofthelgi Íslendinga er bönnuð.

### **Ríkisfjármál, efnahagur og viðskipti**

Grunnur góðs efnahags og lífskjara almennings í velferðarríkinu hvílir á arðsömu atvinnulífi, skilvirku mennta- og velferðarkerfi og verðmætasköpun sem byggir á hugviti og hagnýtingu landsins gæða í þágu alls almennings. Hagkerfið á að vera opið fyrir innlendum og erlendum fjárfestingum og allar atvinnugreinar eiga að búa við agað markaðsfrelsi þar sem heilbrigð samkeppni er tryggð. Hið opinbera á að reka heilbrigðisþjónustu og menntakerfi fyrir alla sem stenst samjöfnuð við það besta sem gerist í heiminum. Samfylkingin vill byggja upp samfélag jöfnuðar þar sem öflugt opinbert velferðarkerfi færir öllum mannsæmandi líf og tækifæri til að þroska ólíka hæfileika sína.

Samfylkingin vill að sanngjarn hluti auðlindaarðs renni til þjóðarinnar til að fjármagna samneysluna. Nýting auðlinda þarf því bæði að vera arðsöm og sjálfbær, hvort sem er um að ræða fiskistofnana við landið eða hagnýtingu vatnsafls- og gufuvirkjana til frekari orkuvinnslu.

### **Traustur gjaldmiðill er lykilatriði**

Samfylkingin er eini stjórnsmálaflokkurinn sem hefur til langs tíma haft skýra og raunhæfa stefnu í gjaldeyris- og peninga-málum, stefnu sem styrkir forsendur hagvaxtar, fjárfestingar, atvinnu-sköpunar og velferðar á næstu árum og áratugum.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- Samfylkingin vill hagstjórn sem felur í sér að Íslendingar geti gengið í Evrópusambandið og tekið upp evru. Með upptöku evru yrði landsmönnum loks tryggður traustur, alþjóðlegur gjaldmiðill til framtíðar. Vextir myndu lækka, verðtrygging verða óþörf og við-skipta-kostnaður minnka. Allt yrði þetta til að bæta lífskjör, auka stöðugleika og treysta stoðir velferðarsamfélagsins í þágu almennings í landinu.
- Samfylkingin vill að unnið verði með Evrópusambandinu, evrópska seðlabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að lausn á vanda krónunnar og hvernig henni verði skipt út fyrir evru. Áætlun sem unnin yrði í samvinnu við þessa aðila, með þátttöku í evrópska myntsamstarfinu að markmiði, er mun trúverðugri og áhættuminni en upptaka myntráðs eða einhliða upptaka annars gjaldmiðils en íslensku krónunnar.

### Ríkisfjármál

Skattastefna og fyrirkomulag tilfærslna í skattkerfinu eru á meðal helstu grunnstoða réttláts velferðarþjóðfélags. Öflun skatttekna og dreifing þeirra á að stuðla að jöfnuði og réttlæti, án þess að vera um of þyngjandi fyrir samkeppnisstöðu atvinnulífs. Hallalaus rekstur ríkissjóðs er mikilvæg forsenda velferðar og jafnaðar. Leggja þarf áherslu á að lækka skuldir ríkissjóðs og draga úr vaxtakostnaði sem nú er einn stærsti útgjaldaliður ríkisins.

Styrkja verður stöðu ríkissjóðs með því að auka hlut almennings í þeirri auðlindarentu sem nýting fiskistofnanna og annarra takmarkaðra auðlinda í þjóðareign skapar. Þannig séu nýtingarleyfi veitt til hóflegs tíma í senn og á jafnræðisgrundvelli gegn fullu gjaldi.

Samfylkingin leggur áherslu á öflugt, skilvirkt og réttlátt skattkerfi til að fjármagna opinberan rekstur og ná pólitískum markmiðum um:

- tekjudreifingu og jöfnuð
- húsnæðisstefnu og önnur félagsleg málefni
- atvinnustefnu
- skilvirka efnahagsstjórn
- umhverfismál

Nýta þarf tilfærslukerfi ríkisins á borð við barnabætur og húsnæðisbætur, auk persónuafsláttar til að ná markmiðum um tekjujöfnun.

Sköttum og gjöldum verði beitt sem hagstjórnartækjum og hvötum, m.a. til að efla fjárfestingu og nýsköpun, bæta lýðheilsu og draga úr mengun, og í samræmi við markmið um eflingu græna hagkerfisins. Samfylkingin hafnar tvöföldu velferðarkerfi og telur að grunnþjónustu velferðarkerfisins eigi að fjármagna með almennri skattheimtu og halda beri beinni gjaldtöku notenda innan hóflegra marka.

Samfylkingin hefur eftirfarandi leiðarljós:

- tekjuskattur skal vera þrepaskiptur og þannig gegna því tvíþætta hlutverki að vera tekjustofn fyrir ríkissjóð og stuðla að tekjujöfnun. Skoða þarf hvort ástæða sé til að auka á bilið milli skattþrepa og fjölga þeim. Þannig verði hæsta þrepið örugglega hátekjuskattur en ekki millitekjuskattur.
- auka ber vægi tilfærslukerfa barna- og húsnæðisbóta sem auk persónuafsláttarins eru mikilvægustu tekjujöfnunartæki hins opinbera.

- tryggja þarf sanngjarnt framlag tekjuhærri hópa og stóreignafólks til samfélagsins í gegnum skattkerfið.
- bein gjaldtaka af notendum velferðarþjónustunnar má aldrei verða til þess að mismuna og hindra að fólk geti nýtt sér þjónustuna. Þessi gjaldtaka hefur hækkað undanfarin misseri og er til muna hærri á Íslandi en í nágrannalöndum okkar. Bein gjaldtaka fyrir grunnþjónustu á borð við heilbrigðisþjónustu og menntun er eitt form skattheimtu. Slík gjaldtaka eykur ójöfnuð sem dregur til lengri tíma úr þrótti samfélagsins og almennri velsæld.
- afmarka ber tekjur og gjöld vegna takmarkaðra náttúrugæða og auðlinda í þjóðareigu, m.a. veiðigjalds og tekna af orkulindum, á sérstökum auðlindareikningi sem verði hluti ríkis-reiknings. Með því verði auðlinda-rentan gerð sýnileg almenningi.
- raforkufyrirtæki greiði auðlindagjald hvort sem rafmagnsframleiðslan á sér stað í fallvötnum eða með gufuöflun. Hitaveitur borgi auðlindagjald af því vatni sem þau fá úr jörðu og útgerðir greiði fyrir heimildir til að sækja fiskistofna á Íslandsmiðum.

### **Fjármálakerfið**

Þær breytingar sem unnið er að innan ESB á fjármálaeftirliti og innstæðu-tryggingum munu styrkja fjármálakerfi þjóðarinnar til frambúðar. Með því að taka upp evru og uppfylla þær kröfur um stjórn ríkisfjármála og fjármálamarkaða sem því fylgja, verður landsmönnum loks tryggður traustur gjaldmiðill. Þar með lækka vextir, hagar neytenda vænkast og samkeppnishæfni atvinnulífs batnar.

Mikilvægt er að fylgja þeirri þróun sem verður í helstu viðskipta- og nágranna-löndum okkar í þessum efnum. Samfylkingin er fylgjandi þeirri endurskoðun sem nú á sér stað á fjármálamörkuðum heimsins sem mun væntanlega leiða til heilbrigðara fjármálakerfis undir eftirliti fjölbreyttra stofnana sem gripið geta inn í áður en í ófni er komið.

Samfylkingin hefur eftirfarandi leiðarljós:

- almenningur þarf fjármálakerfi með virkri samkeppni undir traustu eftirliti þar sem í boði eru fjölbreytt lánsform, jafnt verðtryggð lán og óverðtryggð og ríkisábyrgð á einkarekstri er lágmarkuð.
- almenningur á að eiga kost á greiðslumiðlun sér að kostnaðarlausu hvort sem hún fer fram á vegum viðskiptabanka eða seðlabanka.

### **Atvinna og fjármagn**

Aukin samkeppnishæfni og efling útflutnings gegnir lykilhlutverki í atvinnulífinu. Menntun og verkunnátta þjóðarinnar og umgjörð atvinnulífsins skipta mestu í þessu sambandi og þar á Ísland að vera í fremstu röð. Samfylkingin vill efla útflutning og fjölbreytta atvinnustarfsemi með stuðningi ríkisins við rannsóknir, nýsköpun, listir og skapandi greinar og að opið sé fyrir fjárfestingar innlendra og erlendra aðila í þjónustu og framleiðslu á sjálfbærum grunni.

Samfylkingin leggur áherslu á að:

- stemma verði stigu við möguleikum einstaklinga sem leika þann leik að stofna fyrirtæki, keyra þau í þrot og hefja reksturinn að nýju á nýrri kennitölu.
- gefa verði almenningi tækifæri á að fjárfesta í fyrirtækum í nýjum og vaxandi atvinnugreinum og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum veiti slík fjárfesting skattafrádrátt.

Með þeim gagnkvæma markaðsaðgangi sem þegar er opinn, og ykist með aðild að ESB, og þeim auknu kröfum sem gerðar eru hvarvetna til hreinnar og ómengaðrar framleiðslu, opnast fiskvinnslu og landbúnaði Íslendinga ný tækifæri. Í landbúnaði er brýnt að snúa frá þeirri stefnu sem beinir bændum inn í miðstýrt framleiðslukerfi takmarkaðra framleiðsluþátta með kvótum. Þess í stað þarf að gera bændum kleift að sækja fram og gera hverjum og einum fært að einbeita sér að þeim búskap sem hæfni þeirra og kostir jarðnæðis á hverjum stað skapar þeim best kjör. Aðeins með þeim hætti er líklegt að sú nýsköpun sem er undanfari framfara verði að veruleika og að nýliðun verði nægjanleg í greininni.